



Stytting vinnuviku dagvinnufólks hjá Ísafjarðarbæ

Vinna við útfærslu á styttingu vinnuviku dagvinnufólks hjá Ísafjarðarbæ er nokkuð á veg komin. Líkt og bæjarráð lagði til á fundi þann 25. maí 2020, var ákveðið að fara strax í yfstrustu styttingu sem felur í sér að grein 3.1 um matar- og kaffitíma verður óvirk. Um 4 klst. styttingu vikulega er að ræða miðað við 100% starf.

Vinnuhópar voru skipaðir og/eða óskað var eftir aðilum í vinnutímanefnd á hverri stofnun fyrir sig, sem hafði það hlutverk að móta tillögur að útfærslum á styttingu upp á 4 klst. m.v. 100% starf. Tillögurnar voru mótaðar í samráði við forstöðumann, enda grunnforsenda að útfærslan komi ekki niður á þjónustunni og sé ekki kostnaðaraukandi.

Nokkrar stofnanir hafa þegar lokið við að útfæra nýtt vinnutímasamkomulag sem taka mun gildi þann 1. janúar líkt og tiltekið er í kjarasamningum, þ.e. ef bæjarstjórn samþykkir tillögurnar. Innleiðingarhópur samningsaðila fær afrit af samkomulaginu og aðstoðar ef ekki næst niðurstaða um útfærslu (innleiðingarhópur samningsaðila er skipaður fulltrúum frá Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB, BHM og ASÍ, einum fulltrúa frá hverjum aðila, en hann verður starfræktur á gildistíma kjarasamninganna).

Almenn ánægja hefur verið um verkefnið meðal starfsmanna og er vonast til að gagnkvæmur ávinningur náist með nýju fyrirkomulagi.

Helstu niðurstöður/útfærslur á vinnustyttingu:

Hér að neðan eru þær útfærslur á styttingunni sem fram hafa komið hjá vinnutímanefndum.

- Dagleg stytting, s.s. á bæjarskrifstofum (sviðum), áhaldahúsi (halda inni matartíma), upplýsingamiðstöð, hafnir (halda inni matartíma)
- Vikuleg stytting, s.s. á Byggðasafni, skjala- og ljósmyndasafni
- Á tveggja vikna fresti eða mánaðarlega s.s. á bókasafni, slökkviliði
- Mánaðarlega, s.s. á Hvestu (í vaktaplan)

Leikskólar (en þar er þegar komin inn 3 tíma stytting)

- Sama fyrirkomulag og áður +

A: Einn tími safnast upp í vinnustyttingu sem er tekin út yfir jóla og áramót og í dymbilvikum, þ.e. leikskólunum er lokað á þessum tíma (ef skólunum yrði lokað, þá þarf að skoða hvort leikskólagjöld falli niður á því tímabili)

EDA

B: Einn tími safnast upp og er tekinn út yfir árið þegar það hentar starfsemi (þessi útfærsla krefst hinsvegar aukins stöðugildis).

Bæjarstjórn þarf því að taka afstöðu til þess, hvora tillöguna hún telji heillavænlegri.

Vinnutímasamkomulag – helstu áherslur:

Mikilvægt er að reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir núning eða ágreining um útfærslur þegar nýju/breyttu fyrirkomulagi er hrint í framkvæmd. Því er í vinnutímasamkomulagi hvers vinnustaðar fyrir sig, útlistað hvernig fyrirkomulagi hléa skuli háttað, að uppsöfnun styttingar eigi ekki við þegar kemur að veikindum, orlofi og/eða rauðum dögum og að „skreppum“, þ.e. einka- eða fjölskylduerindum á vinnutíma skuli útrýmt. Einnig er fjallað um að ávinnsla réttinda verði með sama hætti og nú tíðkast.

Þá er tiltekið hvernig og hvenær endurupptaka samtals/stöðutaka skuli fara fram. Þó að nýtt samkomulag hafi verið mótað, þá er þörf á að meta árangur þess samhliða innleiðingu, sér í lagi með tilliti til kostnaðar, þjónustuþarfar og skilvirkni. Ekki er heldur hægt að útiloka að einhverjir ófyrirsjáanlegir hnökrar komi upp sem bregðast þarf við.

Segja má að þessar útfærslur séu að mestu samræmdar milli þeirra stofnana sem þegar hafa mótað vinnutímasamkomulag, þó einhver blæbrigðamunur sé á. Starfsmenn undirrita svo samkomulagið til staðfestingar á sameiginlegum skilningi.

Til nánari glöggvunar, þá má finna heildaryfirlit yfir vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig, í meðfylgjandi fylgiskjali.

Undirritaður óskar eftir að fá að koma á fund bæjarstjórnar til að kynna framgang verkefnisins og svara spurningum er að þeim snúa. Einnig til að fá upplýsingar um hvort og þá hvaða tillögur séu samþykktar.

Virðingarfyllst,
Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri